

## Samkomulag

### um skipan sameiginlegrar almannavarnanefndar í umdæmi lögreglunnar á Vesturlandi

Þann 2018 staðfesti dómsmálaráðherra að almannavarnanefndir á Akranesi, Borgarfirði og Dölum og á Snæfellsnesi yrðu sameinaðar í eina almannavarnanefnd í samræmi við óskir lögreglustjórans á Vesturlandi og sveitarfélaga á Vesturlandi.

Sameining almannavarnanefnda tekur til eftirfarandi sveitarfélaga:

Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps, Borgarbyggðar, Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar.

Almannavarnanefnd í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi skal skipuð lögreglustjóranum á Vesturlandi, bæjarstjórnum í Akraneskaupstað, Grundarfjarðarbæ, Snæfellsbæ og Stykkishólmsbæ, sveitarstjórnum í Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Dalabyggð og oddvitum sveitarstjórna í Helgafellssveit, Eyja- og Miklaholtshreppi og Skorradalshreppi. Þá skulu slökkviliðsstjórar sveitarfélaga sitja í nefndinni. Yfirlögregluþjónn á jafnframt sæti í nefndinni.

Það er samkomulag sveitarstjórna á hverjum tíma hverjir aðrir skuli eiga sæti í nefndinni.

Almannavarnanefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Það er hlutverk almannavarnanefndar að móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í umdæmi lögreglunnar á Vesturlandi í samræmi við lög um almannavarnir.

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjórans á Vesturlandi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni.

Sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum skulu, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, kanna áfallaþol í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi. Þá skal almannavarnanefndin, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, gera viðbragðsáætlun í samræmi við hættumat í umdæminu.

Um starfsemi almannavarnanefnda að öðru leyti vísast til laga nr. 82/2008 um almannavarnir.

Borgarnesi, / 2018

**Lögreglustjórinn á Vesturlandi**

---

Undirskriftir f.h. sveitarfélaga á næstu síðu.

**F.h. Akraneskaupstaður**

---

Bæjarstjóri

**F.h. Skorradalshrepps**

---

Oddviti

**F. h. Dalabyggðar**

---

Sveitarstjóri

**F.h. Snæfellsbæjar**

---

Bæjarstjóri

**F.h. Helgafellssveitar**

---

Oddviti

**F.h. Hvalfjarðarsveitar**

---

Sveitarstjóri

**F.h. Borgarbyggðar**

---

Sveitarstjóri

**F.h. Eyja- og Miklaholtshrepps**

---

Oddviti

**F.h. Grundarfjarðarbæjar**

---

Bæjarstjóri

**F.h. Stykkishólmsbæjar**

---

Bæjarstjóri